

Væntingar íslenskra ungmenna um nám og störf

80% telja sig þurfa fag- eða háskólamenntun

Í nýútkominni skýrslu frá UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, [An overview of child well-being in rich countries](#), þar sem fjallað er um velferð barna og ungmenna í löndum sem eru efnahagslega best sett í heiminum, kemur fram að 32.9% 15 ára ungmenna á Íslandi búist ekki við að stunda störf sem krefjast menntunar við 30 ára aldur. Litlar væntingar til starfa í framtíðinni hjá íslenskum ungmennunum hafa skapað umræður og valdið áhyggjum.

Þessi útkoma er ekki í samræmi við þau gögn sem menntamálaráðuneyti og Námsmatsstofnun hafa undir höndum sem gefa mun bjartari mynd af væntingum íslenskra ungmenna til frekari menntunar og framtíðarstarfa.

Mikil ásókn í menntun

Kannanir sem Námsmatsstofnun hefur lagt fyrir úrtak bekkja í kjölfar samræmdra prófa sýna að nær allir nemendur 10. bekkjar sjá fyrir sér að fara í störf sem krefjast umtalsverðrar menntunar. Í nýútkominni skýrslu, [Ungt fólk 2006](#), sem byggð er á könnun meðal nemenda í 9. og 10 bekk grunnskóla vorið 2006 kemur fram að mikil aukning hefur verið í ásókn ungs fólks í menntun á æðri stigum á undanförunum árum. Árið

1997 sögðust um helmingur stefna á háskólanám, en árið 2005 töldu 67% stráka og 77% stelpna það mjög eða frekar líklegt að þau fari í háskólanám. Þessar niðurstöður eru staðfestar í könnunum Námsmatsstofnunar sem sýna að 76% nemenda í 10. bekk stefndu á háskólanám.

Notuðu tölur frá 2000

Við nánari skoðun á UNICEF skýrslunni kemur í ljós að tölur sem gefnar eru upp byggja á OECD skýrslu frá 2004, *Education at a Glance*, sem túlkar svör sem gefin voru í alþjóðlegu samanburðarkönnuninni PISA frá árinu 2000. Þar var spurt að því hvaða störf viðkomandi býst við að stunda við 30 ára aldur. OECD sjálf metur síðan hvort starfsval ungmenna sé líklegt til að krefjast frekari menntunar. Síðan þá hafa tvær PISA kannanir verið framkvæmdar hér á landi, árin 2003 og 2006. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr PISA 2006 en í PISA könnun frá árinu 2003 sögðust hátt í 80% nemenda telja að þeir muni vinna störf sem krefjast fag- eða háskólamenntunar. Af þessum nýrri niðurstöðum verður ekki annað ráðið en að námsmetnaður íslenskra nemenda sé mikill.

Umsóknir til þróunarverkefna í leik-, grunn- og framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu

Auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna í leik-, grunn- og framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu. Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði leikskóla í ár njóta forgangs verkefni er lúta að náttúruvísindum með sérstaka áherslu á tengsl við skapandi starf og verkefni sem fela í sér skráningu á námsferli leikskólabarna. Óskað er eftir verkefnum sem hafa m.a. það að markmiði að leita eftir fjölbreyttum aðferðum til að skoða hvernig barn lærir og byggir upp þekkingu í gegnum leik og samskipti við börn og fullorðna. Umsóknarfrestur er til 2. mars nk. Forgangsverkefni í Þróunarsjóði grunnskóla eru þrjú að þessu sinni: Verkefni sem snúast um vinnubrögð og verklag í námi, sérstaklega með áherslu á sjálfsvitund og sjálfstæði nemenda og varða a.m.k. eitt af þremur stigum grunnskólans. Í öðru lagi verkefni er varða áætlun um þróun kennsluhátta á ákveðnum sviðum eða aldursstigum, með fjölbreytni að leiðarljósi. Sérstaklega er horft til verkefna er leggja áherslu á samfelli milli skólastiga. Þriðja forgangssviðið skipa verkefni sem snúast um jafnréttisfræðslu í grunnskólum í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Umsóknarfrestur er til 5. mars nk. Hægt er að nálgast rafræn umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar á vef SRR, [rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/](#), en umsýsla sjóðanna er í höndum Símenntunar, rannsókn og ráðgjöf. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um sjóðina á vef menntamálaráðuneytis. Við úthlutun úr Þróunarsjóði framhaldsskóla verður horft sérstaklega til verkefna sem miða að því að styrkja tengsl framhaldsskóla og grunnskóla, samstarfsverkefna um þróun kennsluhátta og námsúrræða fyrir nemendur

með annað móðurmál en íslensku og verkefna sem miða að því að styrkja stöðu starfsnáms. Umsóknarfrestur til 28. febrúar nk.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar er að finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Heimilt er að sækja um styrki til hvers kyns þróunarverkefna þótt ofangreind verkefni sjóðanna njóti forgang.

Fjarkennsla á háskólastigi

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur unnið tvær skýrslur um fjarkennsla á háskólastigi fyrir menntamálaráðuneyti. Skýrslurnar eru *Fjarnám erlendis, skipulag fjarnáms á háskólastigi í Frakklandi, Kanada, Skotlandi og Svíþjóð* (september 2006) og *Fjarnám við íslenska háskóla, úttekt og stöðugreining* (janúar 2007). Aðalhöfundur er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir. Skýrslur þessar eru unnar sem hluti af undirbúningi fyrir upplýsingatækni-verkefni á vegum ráðuneytisins þar sem m.a. verður fjallað um samstarfsnet háskóla og símenntunarmiðstöðva - upplýsinganet fyrir nemendur sem stunda vilja fjarnám. Ráðuneytið hefur sent skýrslurnar til háskóla og símenntunarmiðstöðva til athugunar og samráðs. Skýrslurnar má finna á vef ráðuneytisins.

Dreifmenntun í grunnskólum V-Barðastrandasýslu

Út er komin skýrslan *Dreifmenntun í grunnskólum V-Barðastrandasýslu* sem unnin var af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri fyrir menntamálaráðuneyti. Höfundar skýrslunnar eru Trausti Þorsteinsson, Tryggvi Guðjón Ingason og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir. Skýrslan er aðgengileg á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi



Íslensk og frönsk stjórnmál hafa lengi átt með sér samstarf á sviði lista og menningar- mála og er skemmt að minnst veglegur kynningar á íslenskrari menningu sem fram fór í Frakklandi haustið 2004 og vakti verðuga athygli. Nú er komið að því að Frakkar bjóði Íslendingum að kynna sinni menningu og á næstu vikum verður í því skyni boðið til menningarveislu sem hefur hlotið yfirskriftina *Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi*. Fyrir þau okkar sem ekki eru enn frönskumælandi þýðir þessi spurning „Hví ekki?“ Svárið vísar til þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem boðið verður upp á, m.a. í myndlist, tónlist, hönnun, menningarsögu, kvikmyndum, bókmenntum, leikhúsi og dansi, útiðburðum, fyrirlestrum um vísindi, viðskiptum og ferðamennsku, en samtals verður boðið upp á nær 60 viðburði af öllu tagi sem munu gefa okkur Íslendingum þetta tækifæri en nokkru sinni fyrr til að efla vitund okkar um franska menningu.

Það hefur verið haft að leiðarljósi við undirbúning þessarar menningarveislu að með henni yrði efnt til samvinnu og samstarfs við sem flesta þá sem sinna verkefnum á þessum vettvangi, en að ekki skyldi stofnað til samkeppni við það menningar- og listalíf sem fyrir er. Þetta hefur gengið eftir því *Pourquoi Pas?* hefst í samvinnu við [Vetrarhátíð í Reykjavík](#), og verkefni innan ramma dagskrárinnar er að finna á jafn ólíkum sviðum menningarlífsins eins og tónlistarhátíðinni [Aldrei fór ég suður](#) og í [Viku bókarinnar](#). Loks lýkur *Pourquoi Pas?* með viðburði sem um leið markar upphaf [Listahátíðar í Reykjavík](#).

